



STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

MILLI AÐALFUNDA
Í REYKJAVÍK 2020
OG 2021

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	1
UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI.....	2
SKÓGRÆKTARRITID	3
LAUFBLAÐID	3
ÖNNUR ÚTGÁFA.....	3
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA	3
HEIMASÍÐA OG VEFMIÐLAR	3
FRÆÐSLUSTARF.....	3
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR	4
AÐALFUNDUR 2020.....	4
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR.....	4
SKÓGRÆKTARSVÆÐI.....	5
BRYNJUDALUR	5
ÚLFLJÓTSVATN	5
UMSJÓN.....	5
KOLVIÐUR	5
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR	6
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR.....	6
LÍF Í LUNDI	6
TRÉ ÁRSINS.....	6
OPINN SKÓGUR.....	7
SJÁLFBODALIÐAR	7
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS	7
VINASKÓGUR.....	7
ERLEND SAMSKIPTI	8
FRÆÐSLUFERÐIR.....	8
EUROPEAN FOREST NETWORK.....	8
SAMVINNUVERKEFNI	8
ÝMIS VERKEFNI.....	9
LOFTSLAGSRÁÐ	9
RÓTARSKOT.....	9
ALÞJÓÐLEGUR DAGUR SKÓGA.....	9
SKÓGARFÓLKIÐ	9
LANDSVIRKJUN	9
UMSAGNIR	9
ÞAKKIR	9
SAMSTARFSADILAR.....	9
STUÐNINGSAÐILAR	10

Ljósmyndir í skýrslu:

Einar Örn Jónsson

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Reykjavík, september 2021

INNGANGUR

Starfsárið 2020-2021 mótaðist nokkuð af þeim heimsfaraldi sem yfir gekk á tímabilinu og var t.d. ekki hægt að halda aðalfundinn 2020 með hefðbundnu sniði vegna samkomutakmarkana. Félagið gerði sitt besta til að sinna hefðbundnum verkefnum sínum, sem eru margvísleg. Almenn má segja að starfsemin hafi gengið vel miðað við ástandið og tókst að sinna flestum verkefnum með sveigjanleika og útsjónarsemi. Nánar verður farið yfir það helsta sem félagið hefur sýslað við frá síðasta aðalfundi í þessari skýrslu.

STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum 2020 var Jónatan Garðarsson endurkjörinn formaður félagsins. Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Skógræktarfélagi Bíldudals og Berglind Ásgeirsdóttir, Skógræktarfélagi Suðurnesja, voru kosnar nýjar inn í stjórn og komu í stað Laufeyjar B. Hannesdóttur og Sigrúnar Stefánsdóttur. Varamenn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Valgerður Auðunsdóttir og Björn Traustason. Í stjórn Landgræðslusjóðs var endurkosin Lydía Rafnsdóttir og sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Jónatan Garðarsson formaður, Þuríður Yngvadóttir varaformaður, Jens B. Baldursson gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Berglind Ásgeirsdóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir og Páll Ingbór Kristinsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt tólf fundi á tímabilinu.

Hjá félaginu störfuðu sex fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Örn Jónsson garðyrkjufræðingur, Hrefna Einarisdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur, Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur og Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðingur.

Nokkrir aðilar unnu að sérverkefnum fyrir félagið. Narfi Hjartarson vann með sjálfbóðaliðum, auk annarra verka. Elisabeth Bernard var starfsnemi júlí-desember 2020 og vann að rannsókn á félagsneti skógræktarfélaganna. Er hún nú í hlutastarfi í sérverkefni er nefnist Skógarfólkið. Hörður Helgi Hreiðarson vann við jólatrjáahögg og flutning. Einnig komu ýmsir aðilar að margvíslegum stökum verkum.

Stjórn og starfsmenn félagsins leitast eftir megni að styðja við starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum, eftir því sem óskað er.



Nýtt herfi Skógræktarfélags Íslands prófað.

UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2020	2019
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	58.986.166	40.642.471
Rekstrargjöld	55.700.133	36.299.261
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	3.286.033	4.343.210
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.687.595)	(1.707.683)
Hagnaður (tap) ársins	1.598.438	2.635.527
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Fastafjármunir	193.302.126	193.781.705
Veltufjármunir	30.266.022	28.164.752
Eignir samtals		
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	175.345.822	173.747.384
Skuldir samtals	49.322.327	48.299.074
Eigið fé og skuldir samtals	222.668.149	222.046.458
Eignir í bundnum sjóðum	38.532.968	35.122.989



Sjálfboðaliði frá Working Abroad við gróðursetningu á Úlfjótavatni.

ÚTGÁFUMÁL

Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2020 kom út í nóvember 2020 og 1. tbl. 2021 kom út í maí á þessu ári. Áskrifendur eru nú um 1850.

Laufblaðið

Á tímabilinu komu út tvö tölublöð Laufblaðsins – í desember 2020 og mars 2021. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang.

Önnur útgáfa

Ekkert Frækorn var gefið út á starfsárinu. Ákveðið var einnig að gefa ekki út Tækifæriskort fyrir jólin 2020, eins og verið hefur, þar sem eftirspurn eftir kortum hefur dregist verulega saman.

Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til skógræktarfélaganna. Að þessu sinni veittu ellefu fyrirtæki félagsmönnum tilboð gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: 66°N, Blómaval, Garðheimar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG Verslun, Náttthagi garðplöntustöð, Sólskógar og Vorverk. Eru þeim fyrirtækjum færðar þakkir fyrir velviljann.

Heimasíða og vefmiðlar

Félagið er með heimasíðuna www.skog.is, þar sem finna má upplýsingar um félagið og aðildarfélög þess, auk þess sem birtar eru fréttir úr starfinu og skógræktargeiranum. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er um 4.300.


Félagið er með Facebook, síðu, auk Facebook síðna fyrir Skógræktarritið og Líf í lundi. Félagið hefur einnig YouTube rás, er á Instagram og er með LinkedIn síðu undir enska heiti félagsins (Icelandic Forestry Association). Einnig sér félagið um Skógargátt vefsíðuna (www.skogargatt.is), þar sem finna má upplýsingar um góða útivistarskóga um land allt.

FRÆDSLUSTARF

Félagið sinnti ýmsu fræðslu- og leiðbeiningastarfi fyrir almenning. Mikið er leitað til félagsins um upplýsingar með símtölum og tölvupóstum, en fulltrúar félagsins mættu einnig í viðtöl af ýmsum tilefnum og voru í samskiptum við flest aðildarfélaga sinna.

Félagið fékk verkefnastyrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 2018 til að halda námskeið um skóga og skógrækt fyrir félaga skógræktarféлага og var Sigríður Elefsen skógfræðingur fengin til að sjá um það. Hélt hún fyrstu námskeiðin 2019. Til stóð að halda námskeið vorið 2020, en út af samkomutakmörkunum vegna Covid-19 varð að fresta því. Þórveig Jóhannsdóttir tók við námskeiðunum af Sigríði og náðist að halda fjögur námskeið í september 2020, áður ný bylgja Covid-19 lokaði á frekara námskeiðshald. Var í framhaldinu ákveðið að taka hluta námskeiðanna upp og eru þau nú aðgengileg á YouTube rás félagsins.

Félagið bauð skógræktarfélagum upp á kennslu á Avenza-smáforritið fyrir snjallsíma, en það má m.a. nota til að skrá útlínur nýgróðursetninga. Alls voru haldin námskeið hjá átta skógræktarfélagum og fleiri eru fyrirhuguð. Að auki voru útbúin kort fyrir forritið fyrir nokkur félög í viðbót, þar sem félagar voru tilbúnir að spreya sig sjálfir á forritinu.



FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

Aðalfundur 2020

Til stóð að halda 85. aðalfund félagsins í Mosfellsbæ, með Skógræktarfélag Mosfellsbæjar sem gestgjafa, en vegna stöðu mála vegna Covid-19 var það ekki gerlegt. Fundurinn var því haldinn í fundarsal Arion-banka Reykjavík þann 5. september og voru eingöngu kjörnir fulltrúar skógræktarfélaganna boðaðir, til að hægt væri að afgreiða nauðsynleg skylduverkefni aðalfundar, svo sem kjör stjórnar. Nánar má lesa um fundinn í seinna tölublaði Skógræktarritsins 2020 og á heimasíðunni (<https://www.skog.is/adalfundur-2020/>).

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn eina tillögu að ályktun. Henni hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

Ályktun 1:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2020, haldinn í Reykjavík þann 5. september, skorar á Skógræktina að beita lífrænum vörnum til að takast á við nýja skaðvalda sem flust hafa til landsins á síðustu árum. Er hér einkum vitnað til affalla í birki- og víðitegundum vegna kembu, hélu og asparglyttu. Í nágrannalöndum Íslands þar sem þessar tegundir eru landlægar virðast þær ekki valda umtalsverðu tjóni og er líklegasta skýringin á því tilvist náttúrulegra óvina þessara tegunda. Rétt er að benda á fordæmi frá Kanada þar sem birkikemban, sem er evrópsk tegund, olli miklu tjóni í birki. Vel heppnaður innflutningur á vesputegund leysti þennan vanda.

Ályktunin var send á Skógræktina, Matvælastofnun (MAST) og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Engin svör eða viðbrögð hafa komið frá þessum aðilum.

Fagraðstefna skógræktar

Skógræktarfélag Íslands hefur verið formlegur þátttakandi í Fagraðstefnu skógræktar. Vegna Covid-19 var ráðstefnunni frestað til 2022.



Lorenzo Veglió og Jón Ásgeir Jónsson að störfum í „jólavertíðinni“, við flokkun og pökkun jólatrjáa.

SKÓGRÆKTARSVÆÐI

Brynjudalur

Jólavertíð var með hefðbundnu sniði. Alls seldi félagið 842 jólatré úr Brynjudal, þar af tæplega 200 til starfsmanna fyrirtækja sem koma í jólaskóginn til að fella sjálf sín jólatré. Að auki seldi félagið tæplega 870 jólatré sem felld voru annars staðar. Lagður var nýr stígur, kjarrgrisað, borinn áburður að smáum plöntum sem og rauðgreni er vex á erfiðum svæðum í skóginum.

Úlfljótuvatn

Aðalfundur Úlfljótsvatns sf. var haldinn 24. september 2021 í fundarsal Skógræktarfélags Íslands. Í stjórn voru kosnir Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Ögmundur Jónasson frá Skátasambandi Reykjavíkur og Finnbogi Finnbogason frá Bandalagi íslenskra skáta. Magnús er formaður, Ögmundur varaformaður, Brynjólfur gjaldkeri og Finnbogi ritari. Brynjólfur hefur prókúru fyrir félagið. Tilgangurfélagsinseraðhaldautanumreksturjarðarinnar að Úlfljótsvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignaréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Tekjur Úlfljótsvatns sf. eru af veiðirétti Úlfljótsvatns við fyrirtækið Veiðikortið ehf. en auk þess hefur nú verið gengið frá leigusamkomulagi við fyrirtækið Mílu og Vodafone vegna afnota af leigulandi undir fjarskiptamastur á Úlfljótsvatnsfjalli. Heildartekjur félagsins á sl. ári voru 1,2 milljónir kr. Rekstrargjöld voru 33 þúsund kr. Handbært fé í sjóði er samtals 5,9 milljón kr.

Hópur nema frá skólaskipi bandarísku landhelgisgæslunnar, US Coast Guard Cutter Eagle, mættu til gróðursetningar á Úlfljótsvatni þann 13. júní.

Skógræktarfélag Íslands og Sjóklæðagerðin/66°Norður hafa gert samstarfssamning til fimm ára, er lýtur að ræktun yndisskógar á Úlfljótsvatni. Starfsfólk 66°Norður og Skógræktarfélags Íslands hófu fyrstu gróðursetningu á svæðinu í sumar.

Í ár var hafin gróðursetning í nýtt svæði vestan við Háafell. Skógræktarsvæðið er 171 ha og er frá um 100 m.y.s upp í 230 m.y.s. Á svæðinu er gert ráð fyrir að gróðursetja um 430 þúsund trjáplöntur af ýmsum tegundum, en í ár voru settar þar niður rúmlega 82 þúsund plöntur.

Unnið var við endurnýjun á um 1 km kafla á vesturhluta Úlfljótsvatnsgirðingarinnar og að lagfæringum á slóðum og vegum innan jarðarinnar.

UMSJÓN

Kolviður

Aukning hefur orðið í áhuga bæði fyrirtækja og einstaklinga á kolefnisbindingu hjá Kolviði, sem merkja má á miklum fjölda fyrirspurna í tölvupósti og síma.

Gróðursettar voru 391.916 plöntur árið 2020 og voru þær settar niður á Úlfljótsvatni, Geitasandi og Ærvíkurhöfða við Húsavík. Ný svæði í Skálholti og Reykholti í Borgarfirði voru tekin til gróðursetningar árið 2021.

Gerður var samstarfssamningur við Lionsklúbb Keflavíkur er lýtur að því að Lionsklúbbur Keflavíkur mun hvetja fyrirtæki og einstaklinga á Suðurnesjum til úrbóta í loftslagsmálum með kolefnisbindingu hjá Kolviði.



Hrefna Einarsdóttir vinnur að viðhaldi íbúðarhússins að Úlfljótsvatni, en þar hafa erlendir sjálfbóðaliðar Skógræktarfélags Íslands bækistöð yfir sumarmánuðina.



Skógræktarfélag Hafnarfjarðar var eitt skógræktarfélaganna sem tóku þátt í Líf í lundi. Meðal annars var boðið upp á gönguferð í nágrenni Hvaleyrarvatns undir leiðsögn Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands.

Fulltrúar Kolviðar tóku þátt í vinnustofu á vegum Loftslagsráðs og Staðlaráðs um ábyrgja kolefnisjöfnun og lauk henni með vinnustofusamþykkt. Búið er að stofna tækninefnd undir leiðsögn Staðlaráðs er vinnur áfram að þessu verkefni og sitja fulltrúar Kolviðar í tækninefndinni.

Kolviður leitar stöðugt eftir samningum um ný lönd og þjónustusamningum við skógræktarfélög sem eru tilbúin að taka að sér verkefni samkvæmt verksamningi.

Landgræðslusjóður

Í stjórn Landgræðslusjóðs sitja Þuríður Yngvadóttir, sem er formaður, en auk hennar eru fulltrúar Skógræktarfélags Íslands Jónatan Garðarsson og Lydía Rafnsdóttir. Einnig sitja í stjórn sjóðsins Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í starfsskýrslu og reikningum hans.

Landgræðsluskógar

Landgræðsluskógar voru í ár hluti af framleiðslusamningi ásamt Skógræktinni, Landgræðslunni og Hekluslógunum er gildir til ársins í ár. Framleiðendur eru Sólskógar ehf. og Garðyrkjustöðin Kvistar. Samið var við fyrirtækið Soffía frænka um útkeyrslu á landgræðsluskógaþlöntum, sem hefur gefist afar vel. Úthlutað var um 360 þúsund þlöntum. Áfram var unnið að yfirferð samninga um Landgræðsluskóga. Undirritaður var nýr samningur fyrir landgræðsluskóg í Hafnarfirði.

Líf í lundi

Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi var haldinn í fjórða sinn þann 26. júní og voru haldnir alls fjórtán viðburðir víða um land. Samhliða hefðbundnu viðburðahaldi var efnt til ljósmyndasamkeppni. Kosið var í ljósmyndakeppninni á Facebook og hlutu efstu þrjú sætin verðlaun í formi gróðursetningarverkfæra frá Vorverk. Sigurvegari keppinnar í ár var Ragnheiður Aradóttir.

Tré ársins

Tré ársins 2021 var formlega útnefnt miðvikudaginn 25. ágúst og var það heggur (*Prunus padus*) í gömlu gróðrarstöðinni við Rauðavatn í Reykjavík. Er þetta í fyrsta sinn sem heggur er útnefndur sem tré ársins. Lambhagi gróðrarstöð styrkti útnefninguna.

Opinn skógur

Skógræktarfélag Íslands hlaut tvo styrki til umhirðu Opinna skóga, annars vegar úr Pokasjóði og hins vegar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Styrkirnir voru notaðir til að kosta brýna grisjun í Völvuskógi á Skógum undir Eyjafjöllum sem var illa leikinn eftir stormfall veturinn 2019-2020. Einnig var unnið að stígagerð í Álfholtsskógi í Hvalfjarðarsveit. Styrktaraðili Opinna skóga er Samkaup.

Sjálfbóðaliðar

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár fengið sjálfbóðaliða sem komið hafa á vegum Erasmus+ verkefnis Evrópusambandsins, European Solitary Corps (áður European Voluntary Service). Félagið tók í sumar í sjötta sinn á móti fimm erlendum sjálfbóðaliðum, sem unnið hafa í skógum félagsins og aðildarfélaga þess. Komu sjálfbóðaliðarnir í ár frá Ítalíu, Póllandi, Spáni og Austurríki. Að auki hefur félagið notið liðstyrks fleiri sjálfbóðaliða, aðallega frá samtökunum Working Abroad, Veraldarvinum og Seeds auk þeirra sem komið hafa á eigin vegum.

Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs voru með venjubundnum hætti, en rúmlega 100 skólar sóttu um plöntur til sjóðsins árið 2021 og fengu allir sem um sóttu úthlutun. Auk plantna sem sjóðurinn keypti fyrir eigið fé lagði Skógræktin til 15.000 birkiplöntur og er Skógræktinni þakkað kærlega fyrir það framlag. Skógræktarfélag Eyfirðinga, Rótary-hreyfingin, Skógræktin og Skógræktarfélag Reykjavíkur aðstoðuðu við dreifingu plantna og er þeim þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Vinaskógur

Hópur frá breska sendiráðinu gróðursetti reyniplöntu í Vinaskógi mánudaginn 8. júní. Var það þátttaka í „The Queen’s Green Canopy“, verkefni sem hófst í maí 2021 í Bretlandi í tilefni þess að árið 2022 er 70 ára krýningarafmæli Elísabetar II Bretadrottningar, en Elísabet var einmitt fyrsti þjóðhöfðinginn til að gróðursetja í Vinaskógi. Einnig var unnið að minniháttar lagfæringum á aðstöðu.



Fulltrúar frá sendiráði Bretlands að lokinni gróðursetningu í Vinaskógi, en Elísabet II Bretlandsdrottning varð fyrst þjóðhöfðingja til að gróðursetja þar tré.

ERLEND SAMSKIPTI

Skógræktarfélag Íslands fær reglulega fyrirspurnir um félagið erlendis frá og hafa starfsmenn svarað þeim eftir bestu getu.

Fræðsluferðir

Fyrirhugað var fræðsluferð til Marokkó í október 2020, en í ljósi óvissu vegna útbreiðslu Covid-19 var ákveðið að fresta ferðinni. Fyrirhugað er að fara í hana í mars 2022.

European Forest Network

European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarféлага í Evrópu. Fyrirhugað var að halda fund samtakanna á Íslandi í september 2020, í tengslum við aðalfund Skógræktarfélags Íslands, en vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid-19 varð ekki af því. Stefnt er að fundi samtakanna hér á landi á næsta ári.

Samvinnuverkefni

Samtökin Agora Aveiro í Portúgal höfðu samband í júní 2020 og óskuðu eftir samstarfi við Skógræktarfélagið, en samtökin eru ungmennasamtök með áherslu á félagslega virkni og hafa verið með verkefni er lýtur sérstaklega að skógrækt – *Plantar o Futuro* (Framtíðin gróðursett). Agora Aveiro, Skógræktarfélagið og samtökin Pokret Gorana Vojvodine í Serbíu hafa sameiginlega sótt um styrk til Evrópusambandsins fyrir verkefni er lýtur að tengslamyndum og miðlun upplýsinga/góðra aðferða (*best practice*) milli samtakanna. Umsókn var send inn í maí 2021 og kom niðurstaða í september. Verkefnið hlaut ekki styrk.

Samtökin Zostaw Swój Ślad í Póllandi höfðu samband við Skógræktarfélag Íslands í maí 2021. Óskuðu þau eftir samvinnu við styrkumsókn til verkefnis á þeirra vegum er nefnist ECOsensitive og lýtur að fræðslu



Sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Íslands að vinnu fyrir Skógræktarfélag Ólafsvíkur.

á grunni vísinda um náttúru og loftslagsmál. Framlag Skógræktarfélagsins til verkefnisins yrði að leyfa samtökunum að segja frá starfi félagsins, í máli og myndum. Niðurstaða úr styrkumsókn mun liggja fyrir í haust.

ÝMIS VERKEFNI

Skógræktarfélag Íslands sinnir ýmsum smærri og/eða tilfallandi verkefnum.

Loftslagsráð

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald með markvissri ráðgjöf um stefnu-markandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum á Íslandi. Ragnhildur Freysteinsdóttir hefur verið annar tveggja fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í ráðinu.

Rótarskot

Fyrir áramótin voru Rótarskot – gróðursetning eins trés – til sölu hjá björgunarsveitum um land allt. Alls seldust tæplega 7.000 Rótarskot og voru þær plöntur gróðursettar víða um land, af meðlimum skógræktar-félaga og björgunarsveita.

Alþjóðlegur dagur skóga

Í tilefni alþjóðlegs dags skóga 21. mars bauð félagið, í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur, upp á fræðslu um vetrarklippingar trjáa og runna.

Skógarfólkið

Skógarfólkið er framhald af mannfræðirannsókn á skógræktarfélögunum sem gerð var árið 2020. Lýtur verkefnið að því að aðstoða skógræktarfélögin við að virkja félagsmenn sína. Hefur það m.a. verið gert með fjárstuðningi til viðburða, skipulagningu funda til að styrkja samtal og samstarf félaga á svæðisgrunni og samstarfi við margvíslega aðila, innan menningar-, félags- og náttúrugeira.

Landsvirkjun

Úttekt var gerð á landgræðsluskógarverkefni Landsvirkjunar við Búrfell og Bjarnarlón. Voru m.a. kortlagðar útlínur gróðursetningar fyrri ára, skoðuð þrif og vaxtarþróttur planta, íbætubörf og möguleikar á nýju svæði.

Umsagnir

Stjórn félagsins sendi frá sér nokkrar umsagnir. Umsögn var send við *Frumvarp til laga um menningarminjar (friðlýsing trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs)*, 527. mál, sem stjórnin fagnaði enda afar brýnt að trjálundir, einstök tré eða garðagóður eigi athvarf og skjól í lögum og njóti þeirrar virðingar sem tilhlýðilegt er. Þá sendi félagið umsögn um *Frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð*, 369. mál. Lagt var til í 3. gr frum-varpsins að „Heimil verði uppgræðsla og skógrækt á svæðum þar sem nauðsynlegt er að stuðla að jarðvegs-bindingu og hamla uppblæstri jarðvegs.“ auk fleiri athugasemda. Þá var send umsögn um *Frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum (mál nr. 375 – þingskjal 467)*, þar sem félagið lýsti yfir áhyggjum af skilgreiningum og hugtakanotkun í frumvarpinu. Gerð var all ítarleg umsögn við *Drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031*, og gerðar athugasemdir í sex liðum, þar á meðal fjallað um sérálit minnihluta nefndarinnar. Jafnframt var send inn athugasemd við *Drög að landgræðsluáætlun 2021-2031* en þar gerði félagið m.a. athugasemdir við nýja hugmyndafræði Landgræðslunnar um að takmarka rask vistkerfa af völdum ágengra framandi tegunda.

ÞAKKIR

Samstarfsaðilar

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og samtök, bæði hérlandis og erlendis, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega nefna Skógræktina, Landgræðsluna, Landssamtök skógareigenda, skátahreyfinguna, Landsbjörg og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Stuðningsaðilar

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna 66°Norður, Arion banka, Eimskip, Lambhaga, Samkaup og Toyota á Íslandi.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

Reykjavík, ágúst 2021
f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,



Jónatan Garðarsson formaðuro



Pórveig Jóhannsdóttir og Brynjólfur Jónsson taka út gróðursetningasvæði á Úlfjótavatni fyrir 66°Norður.

Skógræktarfélag Íslands

kt. 600269-3809

Ársreikningur 2020



Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eigið fé og skuldir	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar 1-5	9
Skýringar 6	10
Skýringar 7-9	11
Skýringar 9-11	12
Skýringar 12-14	13
Bundnir sjóðir	14
Skýringar 14-16	15
Skýringar 17-19	16

Skógræktarfélag Íslands

Þórunnartúni 6

105 Reykjavík

Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Umfang aðstoðar

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreikninginn er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Við faglega aðstoð okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 8. mars 2021



Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. mars 2021

Framkvæmdastjóri:

Stjórn:

Braggöller Þórunn
Jens B. Baldursson
Dr. H. A. Póðenis
Sigríður Guðrún
Þórunn Jónsdóttir
Jón Guðmundsson

Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið bækur félagsins og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 8. mars 2021

Skoðunarmenn:

Halldís Halldóttir
Arni Þórólfsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur	4,11	39.124.291	26.012.607
70% framlag frá bundnum sjóðum	5	2.204.982	2.291.633
Sérgreind verkefni	6	8.251.143	2.406.231
Styrkur frá Ríkissjóði		7.500.000	8.100.000
Árgjöld		1.905.750	1.832.000
		<u>58.986.166</u>	<u>40.642.471</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	42.368.348	26.183.739
Annar rekstrarkostnaður	8	10.889.742	7.624.977
Afskriftir	2,9	2.442.043	2.490.545
		<u>55.700.133</u>	<u>36.299.261</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnskostnaðar		3.286.033	4.343.210
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		61.939	146.585
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(1.746.017)	(1.827.385)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(3.517)	(26.883)
		<u>(1.687.595)</u>	<u>(1.707.683)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	10	<u>1.598.438</u>	<u>2.635.527</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	2020	2019
Fastafjármunir	9		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir		186.142.356	187.212.787
Bifreið		1.184.223	1.487.655
Áhöld og tæki		6.975.547	5.081.263
		<u>194.302.126</u>	<u>193.781.705</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í öðrum félögum		100.000	100.000
		<u>100.000</u>	<u>100.000</u>
Fastafjármunir		<u>194.402.126</u>	<u>193.881.705</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur		23.054.848	20.041.096
Aðrar skammtímakröfur		0	202.864
Útistandandi hjá bundnum sjóðum	5	4.496.615	2.291.633
Handbært fé	3	2.714.559	5.629.159
Veltufjármunir		<u>30.266.022</u>	<u>28.164.752</u>
Eignir samtals		<u><u>224.668.149</u></u>	<u><u>222.046.458</u></u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2020

	Skýr	2020	2019
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	175.345.822	173.747.384
Eigið fé		<u>175.345.822</u>	<u>173.747.384</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	12	29.531.797	33.531.797
		<u>29.531.797</u>	<u>33.531.797</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		4.036.536	1.956.987
Fyrirfram innheimtar tekjur	6	3.044.250	3.375.000
Næsta árs afborgun langtímalána		1.472.488	1.671.933
Aðrar skammtímaskuldir		11.237.256	7.763.357
		<u>19.790.530</u>	<u>14.767.277</u>
Skuldir samtals		<u>49.322.327</u>	<u>48.299.074</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>224.668.149</u>	<u>222.046.458</u>

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		1.598.438	2.635.527
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskrifaðar og niðurlagðar eignir	2,9	2.442.043	2.490.545
Hreint veltufé frá rekstri		<u>4.040.481</u>	<u>5.126.072</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(5.015.870)	13.411.604
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		5.023.253	(4.866.890)
		<u>7.383</u>	<u>8.544.714</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>4.047.864</u>	<u>13.670.786</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(2.962.464)	(5.466.952)
		<u>(2.962.464)</u>	<u>(5.466.952)</u>
 Fjármögnunarahreyfingar			
Afborgun langtímalána		(4.000.000)	0
Skammtímafjármögnun		0	(2.787.206)
		<u>(4.000.000)</u>	<u>(2.787.206)</u>
 Breyting á handbæru fé		(2.914.600)	5.416.628
Handbært fé í byrjun tímabils	3	5.629.159	212.531
Handbært fé í árslok		<u>2.714.559</u>	<u>5.629.159</u>

Skýringar

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

4. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:	2020	2019
Gjafir og styrkir	1.712.629	1.826.171
Framlag frá Yrkjúsjóð vegna umsjónar	1.200.000	1.200.000
Framlag vegna Landgræðsluskóga	1.000.000	3.330.000
Umsjón Þórunnartún 6, húsfélag	120.000	120.000
Framlag vegna Kolefnissjóðs	8.720.000	4.000.000
Framlag vegna sjóðausmjónar S-Hún.	500.000	500.000
Vinnuhópur SÍ	350.000	0
Aðstöðuleiga	418.484	195.315
Framlög til skógræktar	3.074.844	2.695.607
Embla II	157.000	296.000
Hópfærðir	0	1.576.000
Skipulagsvinna	7.241.178	4.026.441
	<u>24.494.135</u>	<u>19.765.534</u>

5. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar	902.246	937.702
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	441.402	458.748
Sjóður Ármanns G. Jónssonar	343.801	357.312
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	517.532	537.870
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	<u>2.204.982</u>	<u>2.291.633</u>
Ógreitt framlag 1.1.	2.291.633	3.399.238
Greiðsla frá bundnum sjóðum	0	(3.399.238)
Ógreitt framlag frá bundnum sjóðum 31.12.	<u>4.496.615</u>	<u>2.291.633</u>
Fræðslusjóður	<u>112.221</u>	<u>116.631</u>
70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi	2.204.982	2.291.633
70% raunávöxtun til styrktar náms- og rannsóknarstarfi	112.221	116.631
30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum	993.087	1.032.113
Breyting verðbóta á árinu hækkun	119.170	68.808
Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu	<u>3.429.461</u>	<u>3.509.185</u>

Skýringar frh:

6. Sérgreind verkefni

Sundurliðun vegna verkefna greinist þannig.:	2020	2019
Útgáfustarfsemi:		
Ársrit, bækur og smárit	10.844.022	11.067.123
Styrktarlínur	1.855.650	1.984.400
Auglýsingar	5.795.000	4.991.000
Launakostnaður	(4.000.000)	(4.000.000)
Noregsfarar	(789.500)	(3.250.000)
Annar kostnaður við útgáfu	(7.240.307)	(5.842.535)
	<u>6.464.865</u>	<u>4.949.988</u>
Tré ársins:		
Styrkir	400.000	400.000
Annar kostnaður	(85.515)	(67.407)
	<u>314.485</u>	<u>332.593</u>
Úlfjótswatn:		
Tekjur og styrkir	8.411.589	6.888.288
Launakostnaður	(1.500.000)	(1.000.000)
Húsnæðiskostnaður	(5.572.580)	(1.924.335)
Annar rekstrarkostnaður	(2.419.812)	(1.478.859)
	<u>(1.080.803)</u>	<u>2.485.094</u>
Opinn skógur:		
Styrkir	10.303.757	640.000
Launakostnaður	(2.500.586)	(1.098.663)
Keyptar vörur og þjónusta	(4.444.072)	(966.748)
Annar rekstrarkostnaður	(438.826)	(250.000)
	<u>2.920.273</u>	<u>(1.675.411)</u>
Brynjudalur:		
Sala	8.070.145	3.294.635
Styrkir	2.323.500	3.660.900
Launakostnaður	(4.092.883)	(4.410.561)
Annar rekstrarkostnaður	(2.736.344)	(3.865.255)
	<u>3.564.418</u>	<u>(1.320.281)</u>
Vinaskógur:		
Launakostnaður	(100.000)	(100.000)
Annar rekstrarkostnaður	(58.250)	(267.900)
	<u>(158.250)</u>	<u>(367.900)</u>
Sjálfboðaliðar:		
Styrkir og aðrar tekjur	8.453.047	8.154.697
Launakostnaður	(4.545.000)	(5.313.415)
Fæði og gisting	(2.860.420)	(1.957.189)
Bifreiðakostnaður	(1.314.645)	(972.463)
Annar rekstrarkostnaður	(445.317)	(500.941)
	<u>(712.335)</u>	<u>(589.311)</u>
Rótarskot		
Rótarskot, styrkveiting ársins	6.419.250	9.824.950
Launakostnaður	(5.500.000)	(5.500.000)
Bifreiðakostnaður	(550.000)	(1.600.000)
Plöntukaup og áburðarkaup	(386.510)	(758.491)
Fyrirfram innheimtar tekjur vegna Rótarskots 31.12.20	(3.044.250)	(3.375.000)
	<u>(3.061.510)</u>	<u>(1.408.541)</u>
 Sérgreind verkefni samtals	 <u>8.251.143</u>	 <u>2.406.231</u>

Skýringar frh:

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun	53.546.538	38.896.256
Ökutækjastyrkur	1.267.750	1.521.080
Lífeyrissjóðsframlag	7.330.961	5.227.577
Tryggingagjald	4.056.649	3.012.610
Áunnið orlof starfsmanna, breyting	592.567	(214.154)
Önnur launatengd gjöld	1.273.883	940.370
Laun færð á sérgreind verkefni	(25.700.000)	(23.200.000)
	<u>42.368.348</u>	<u>26.183.739</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsnaðiskostnaður	2.044.347	1.685.643
Skrifstofukostnaður	106.393	78.933
Sími og burðargjöld	591.024	652.241
Bankakostnaður- og þjónustugjöld	98.697	105.765
Gjafir, styrkir og risna	1.301.825	270.182
Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður	121.006	166.037
Fundakostnaður	760.903	369.504
Ferðakostnaður	88.096	6.052
Gjaldfærð áhöld, tæki og viðhald	991.484	324.154
Rekstur bifreiða	32.281	449.112
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	585.900	575.910
Skipulagsvinna	1.949.854	0
Rekstur tölvukerfis og vefsíðna	946.601	1.600.348
Auglýsingar	113.603	177.330
Niðurfærsla viðskiptakrafna	578.892	251.988
Félags og aðildargjöld	9.800	9.500
Opið hús	304.542	560.334
Annar kostnaður	264.494	341.944
	<u>10.889.742</u>	<u>7.624.977</u>

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið	Áhöld og tæki	Samtals
Flutt frá fyrra ári	198.361.943	2.496.200	17.961.225	218.819.368
Viðbót á árinu			2.962.464	2.962.464
	<u>198.361.943</u>	<u>2.496.200</u>	<u>20.923.689</u>	<u>221.781.832</u>
Afskrifað frá fyrra ári	11.149.156	1.008.545	12.879.962	25.037.663
Afskrift ársins	1.070.431	303.432	1.068.180	2.442.043
	<u>12.219.587</u>	<u>1.311.977</u>	<u>13.948.142</u>	<u>27.479.706</u>
Bókfært verð 31.12.	<u>186.142.356</u>	<u>1.184.223</u>	<u>6.975.547</u>	<u>194.302.126</u>
Afskriftarhlutföll	2%	15%	10-20%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár	7 ár	5-10 ár	

Skýringar frh:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh:

Fasteignir sundurliðun:	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Þórunnartún 6, Reykjavík	9.280.693	49.250.000	57.700.000
Saurar, jörð og ræktað land	184.416	955.000	
Saurar, vélageymsla og votheysturn	188.219	247.000	3.550.000
Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi	2.757.000	6.030.000	
Saurar, einbýli	841.756	6.800.000	26.250.000
Brynjudalur	6.594.275		
Sandey - Þingvallasveit	14.578		
Kvjar í Jökulfjörðum	57.474		
Úlfjótuvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi	165.437.432		
	<u>185.355.843</u>	<u>63.282.000</u>	<u>87.500.000</u>

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðará og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tekjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárastöðum í Þingvallarhreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga

Óráðstafað eigið fé	2020	2019
Eigið fé 1.1.	173.747.384	171.111.857
Afkoma ársins	<u>1.598.438</u>	<u>2.635.527</u>
Eigið fé 31.12.	<u>175.345.822</u>	<u>173.747.384</u>

11. Landgræðsluskógar

	2020	2019
Styrkur frá ríkissjóði	40.500.000	33.300.000
Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga	4.500.000	(3.330.000)
Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands	(4.000.000)	(3.000.000)
Plöntukaup	(24.866.744)	(18.526.739)
Annar kostnaður	(1.503.100)	(2.196.188)
Úttekt og grisjun	<u>(14.630.156)</u>	<u>(6.247.073)</u>
Ónýttur styrkur 31.12.	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar frh:

12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfjótavatni í Grímsnes-og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborgunar var 1. janúar 2013. Á árinu 2015 fékk Skógræktarfélag Íslands framlag frá bundnum sjóðum til niðurgreiðslu á langtímaskuldum félagsins. Framlag nam 35 m.kr. sem var nýtt til innborgunar á höfuðstól samtals að fjárhæð 31.6 m.kr. og til greiðslu áfallinna vaxta samtals að fjárhæð 3.3 m.kr. Afborgun ársins 2020 nam 4,0 m.kr. bókfærðir áfallnir vextir í árslok 2020 námu 0 m.kr.

Yfirlit um langtímaskuldir:	2020	2019
Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði 1.1.2020	33.531.797	33.531.797
Afborgun ársins	(4.000.000)	0
Langtímaskuldir 31.12.	<u>29.531.797</u>	<u>33.531.797</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborgun	1.640.655	1.260.391
Árið 2020	1.640.655	1.260.391
Árið 2021	1.640.655	1.260.391
Síðar	<u>24.609.832</u>	<u>29.750.624</u>
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>29.531.797</u>	<u>33.531.797</u>

13. Lykiltölur:

	2020	2019
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	1,53	1,91
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildareignir	0,78	0,78

Rekstrarreikningur ársins 2020

Bundnir sjóðir

	Skýr.	2020	2019
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Afkoma verðbréfasafns		3.423.906	3.490.111
Fjármagnstekjuskattur		(1.576)	(5.373)
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		7.172	27.709
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(19.523)	(110.666)
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	5	(2.204.982)	(2.291.633)
		<u>1.204.997</u>	<u>1.110.148</u>
Afkoma ársins		<u>1.204.997</u>	<u>1.110.148</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	2020	2019
Fastafjármunir			
Sjóður Ólafu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson	14	15.003.527	13.675.788
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	15	7.340.117	6.690.552
Sjóður Ármanns Jónssonar	16	5.717.100	5.211.164
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	17	8.606.090	7.844.494
Fræðslusjóður	18	1.866.134	1.700.990
		<u>38.532.968</u>	<u>35.122.989</u>
Eignir samtals		<u>38.532.968</u>	<u>35.122.989</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2020

	Skýr	2020	2019
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé 1.1.		32.831.356	31.721.208
Afkoma ársins		<u>1.204.997</u>	<u>1.110.148</u>
Eigið fé 31.12.		<u>34.036.353</u>	<u>32.831.356</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt framlag til Skógræktafélag Íslands	5	<u>4.496.615</u>	<u>2.291.633</u>
		<u>4.496.615</u>	<u>2.291.633</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>38.532.968</u>	<u>35.122.989</u>

Skýringar frh:

Bundnir sjóðir

14. Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:	2020	2019
Staða 1.1.	13.675.788	13.674.798
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	1.327.739	990
Staða 31.12.	<u>15.003.527</u>	<u>13.675.788</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2020 hefur verið reiknuð og er hún kr. 1.288.923.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2020 er því kr. 902.246.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2020.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfjótstvatn í Grímsnes-og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 111,1 millj. kr. í árslok 2020.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>15.003.527</u>	<u>13.675.788</u>
---------------------	-------------------	-------------------

15. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:	2020	2019
Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar:		
Staða 1.1.	6.690.552	6.690.068
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	649.564	484
Staða 31.12.	<u>7.340.117</u>	<u>6.690.552</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2020 hefur verið reiknuð og er hún kr. 630.575.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2020 er því kr 441.402.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2020.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>7.340.117</u>	<u>6.690.552</u>
---------------------	------------------	------------------

16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:	2020	2019
Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar:		
Staða 1.1.	5.211.164	5.210.787
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	505.935	377
Staða 31.12.	<u>5.717.100</u>	<u>5.211.164</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2020 hefur verið reiknuð og er hún kr. 491.145.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2020 er því kr. 343.801.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2020.

Skýringar frh:

16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 23,5 millj. kr. í árslok 2020.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	5.717.100	5.211.164
---------------------	-----------	-----------

17. Sjóður Andrésar Gunnarssonar:

Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:

2020

2019

Staða 1.1.	7.844.494	7.843.926
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	761.597	568
Staða 31.12.	8.606.090	7.844.494

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2020 hefur verið reiknuð og er hún kr. 739.332.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2020 er því kr. 517.532.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2020.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	8.606.090	7.844.494
---------------------	-----------	-----------

18. Fræðslusjóður:

Yfirlit um Fræðslusjóð:

2020

2019

Staða 1.1.	1.700.990	1.700.867
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	165.144	123
Staða 31.12.	1.866.134	1.700.990

Fræðslusjóður var stofnaður 25.ágúst 2000 með loforði um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógræktum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsókna.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	1.866.134	1.700.990
---------------------	-----------	-----------

A close-up photograph of a pine branch, likely a Norway spruce, showing vibrant green needles and a young, developing cone in the center. The background is a soft-focus view of more pine branches.

Skógræktarfélag Íslands
Pórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Netfang: skog@skog.is
Veffang: www.skog.is